

44. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 3. Febrúar 2015 kl. 16:00.

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í fundarherbergi Fjarðabyggðar á Reyðarfirði og í síma.

Mættir: Jón Björn Hákonarson (JBH) á Reyðarfirði, Sæunn Stefánsdóttir (SS) í síma, Berglind Hasler (BH) í síma, Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB) á Reyðarfirði, Karl Lauritzson (KL) á Reyðarfirði, Þórunn Egilsdóttir (ÞE) í síma. Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) ritaði fundargerð

Sveinn Jónsson (SJ) boðaði forföll á fundinn.

Fundinn sátu Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) framkvæmdastjóri, Signý Ormarsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir yfirverkefnisstjórar og Björg Björnsdóttir verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar
2. Sóknaráætlun landshlutanna
3. Innleiðingaráætlun
4. Upplýsingaferill til stjórnar um stöðu verkefna (upplýsingaplagg)
5. Fagráð - skipan
6. Verkferill vegna ráðningar verkefnisstjóra Brothættra byggða
7. Fjármögnun – tilboð frá bönkunum
8. Önnur mál

- Starfsmannadagurinn
- Upplýsingamiðstöð – staða mála
- Samráðsvettvangur vegna sóknaráætlunar
- Staða á NMI

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Staðfesting fundargerða

Fundargerð 43. fundar staðfest.

2) Sóknaráætlun landshlutanna

BB fór yfir stöðuna varðandi sóknaráætlun landshlutanna. Mikil vinna hefur átt sér stað og vonast til að hægt sé að undirrita í næstu viku.

BB vék af fundi kl. 15:30

3) Innleiðingaráætlun

JÁÐ fór yfir innleiðingaráætlun ásamt BB, SO og GÁJ. Fjallað um mikilvægi þess að innleiðingaráætlun sé inn á hverjum fundi þar til verkefnalistinn á henni er tæmdur.

KL vék undir liðnum sem fjallaði um húsnæðismál á Vonarlandi vegna vanhæfis gagnvart Vísindagarðinum.

4) Upplýsingaferill til stjórnar um stöðu verkefna (upplýsingaplagg)

Rætt var um með hvaða hætti best væri að stjórn fengi upplýsingar um stöðu verkefna. Mikill fjöldi verkefna í gangi og nauðsynlegt að móta ferli fyrir hvernig skuli fjalla um stöðu verkefna á fundum. Stjórn felur JÁÐ að koma með tillögu að verkefnayfirliti á næsta fund.

5) Fagráð - skipan

Skv. 11. gr. skipulagsskrá skal stjórn skipa fagráð. Stjórn samþykkir að skipa ekki fagráð að svo stöddu og ætla að taka málið upp við starfsháttanefnd í samhengi við næsta ársfund Austurbrúar.

6) Verkerill vegna ráðningar verkefnisstjóra Brothættra byggða

JÁÐ fór yfir verkeril vegna ráðningar verkefnisstjóra Brothættra byggða. Drög að samningi liggja fyrir og rætt um að með viðbótarfjármagni sem vantar uppá í heilt stöðugildi komi viðbótarverkefni. Verkefnastjórn hefur verið gerð grein fyrir því á fundum.

JÁÐ og JBH víkja vegna vanhæfis í dagskrárlið 7.

7) Tilboð um bankaviðskipti og fjármögnun

Stjórn felur KL að fara yfir gögnin sem liggja fyrir fundinum frá bönkunum. Stjórn samþykkir að taka tilboði Sparisjóðs Norðfjarðar í viðskipti Austurbrúar.

Viðskiptin felast í almennum bankaviðskiptum, yfirdrætti á móti fjármagni viðbótarframlagi á fjárlögum og fjármögnun á langtímaláni upp á 30 millj. kr. sem greiðist niður á 4 árum. Fjármögnunin er liður í þeirri endurskipulagningu sem lögð var fyrir stofnaðila í desember.

JÁÐ og JBH koma aftur inn á fundinn.

8) Önnur mál

- Starfsmannadagurinn

JÁÐ fór yfir skipulag starfdagsins sem er framundan þann 6. febrúar. Gert er ráð fyrir að fara yfir innleiðingaráætlunina, ræða skipulag vinnu og fleira á deginum.

- Upplýsingamiðstöð – staða mála

JÁÐ fór yfir síðustu upplýsingar vegna leigusamnings þar sem upplýsingamiðstöðin er til húsa. Vonast er til að niðurstaða fáiast hvort húsinu verði ráðstafað í annað af hálfu leigusala innan tveggja vikna. JÁÐ falið að fylgja málinu eftir. Einnig var fjallað um samningagerð við Hús Handanna. JÁÐ falið að vinna áfram á grundvelli umræðunnar á fundi.

- Samráðsvettvangur vegna sóknaráætlunar

JÁÐ upplýsti að SSA hafi samþykkt kostnaðarupplegg sem sett var fram í tengslum við uppfærslu á sóknaráætlun landshlutans. Vonast er til að fljótlega liggi fyrir hverjir séu skipaðir í samráðsvettvanginn og að vinna geti hafist í mars.

- Staða á NMI

JÁÐ fór yfir stöðuna á samtali við NMI um starfsemi á Austurlandi. JÁÐ falið að ýta á eftir málinu.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundí slitið kl. 18:30

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Þórunn Egilsdóttir

Sigrún Birna Björnsdóttir